


Árekstrar og lýðræðishalli í orkumálum



Orkusáttmálinn og ESB

Höfundur: Kári

Desember 2025

L^AT_EX

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Orkusáttmálinn	4
2.1	Markmið og meginreglur	4
2.2	Fullveldi ríkja	4
3	Orkupakkar ESB	5
3.0.1	Fyrsti orkupakkinn (1996–1998)	5
3.0.2	Annar orkupakkinn (2003)	5
3.0.3	Þriðji orkupakkinn (2009)	6
3.0.4	Fjórði orkupakkinn – Clean Energy Package (2016–2019) . .	6
4	Hlutverk Evrópuþingsins	8
4.1	Ályktanir þingsins um orkumarkaði	9
4.2	Mótsögn markaðsvæðingar	9
4.3	Neytendavernd innan ESB	10
5	Spennan á milli ECT og ESB	11
5.1	Dæmi um árekstra	11
5.2	Gerðardómsmál vegna ECT og ESB	11
6	Lýðræðishalli í tengslum við orkustefnu ESB og ACER	13
6.1	Flæðirit sem sýnir fjarlægð frá ákvarðanatöku	14
7	Nýleg þróun	15
8	Tillögur framkvæmdastjórnarinnar	16
8.1	Samtenging Evrópu (CEF)	17
8.1.1	CEF Energy	17
8.1.2	Dæmi um verkefni sem CEF Energy styður	17
8.2	Tilvitnanir	18
9	Niðurstaða	19

Kafli 1

Inngangur

Orka hefur ávallt verið lykilatriði í efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði ríkja. Orkusáttmálinn, Energy Charter Treaty (ECT),¹ var hannaður til að tryggja fjárfestingar og samvinnu á sviði orku, en leggur jafnframt áherslu á fullveldi ríkja yfir eigin auðlindum.² Á hinn bóginn hafa orkupakkar Evrópusambandsins (ESB) markmið um að samræma reglur og skapa sameiginlegan innri orkumarkað, sem takmarkar sjálfstæði aðildarríkja í orkumálum.³

¹Energy Charter Treaty Secretariat (1994). *The Energy Charter Treaty*. Adopted in Lisbon on 17 December 1994, entered into force on 16 April 1998. Official consolidated version available at: <https://www.energycharter.org/fileadmin/DocumentsMedia/Legal/ECTC-en.pdf>

²Orkusáttmálinn, 18. gr.

³Sbr. tilskipun 2009/72/EC, í þriðja orkupakkanum.

Kaflí 2

Orkusáttmálinn

Orkusáttmálinn (Energy Charter Treaty, ECT) var samþykktur í Lissabon 17. desember 1994 og tók gildi 16. apríl 1998, eftir að nægilega mörg ríki höfðu fullgilt hann. Þrátt fyrir undirritun í Lissabon er hann ekki ESB-samningur, heldur alþjóðlegur sáttmáli sem hefur myndað grundvöll um orkuviðskipti og nær til ríkja í Evrópu, Asíu og Afríku. Markmið hans er að tryggja fjárfestingar og samvinnu á sviði orkuviðskipta. Ísland fullgilti orkusáttmálann árið 2015 og hann tók gildi hér á landi 18. október sama ár.¹

2.1 Markmið og meginreglur

Samningurinn miðar að því að:

- Vernda fjárfestingar á orkumarkaði.
- Tryggja gagnsæi í viðskiptum.
- Stuðla að frjálsum flutningi orku milli landa.

2.2 Fullveldi ríkja

18. gr. ECT kveður á um að samningsaðilar viðurkenni fullveldi ríkja yfir orkuauðlindum sínum.² Þetta felur í sér að ríki skuli ráða hvernig þau nýta og þróa auðlindir, þó í samræmi við alþjóðarétt.

¹Energy Charter Treaty – Iceland. Ratified 7 July 2015, entered into force 18 October 2015. Sjá hér: <https://www.energychartertreaty.org/treaty/contracting-parties-and-signatories/iceland/>

²ECT, 1. mgr. 18. gr.

Kafli 3

Orkupakkar ESB

ESB hefur á síðustu tæpum þremur áratugum samþykkt röð orkupakka sem miða að því að skapa sameiginlegan innri orkumarkað.

3.0.1 Fyrsti orkupakkinn (1996–1998)

- Fyrsta raforkutilskipunin 96/92/EC (1996)
- Fyrsta gastilskipunin 98/30/EC (1998)

Markmið, kröfur og innleiðing:

- Markmið: Frjálsræði og upphaf markaðsvæðingar raforku og gass
- Kröfur: Rekstrarleg og bókhaldsleg aðskilnaður flutningskerfisstjóra (TSO)
- Innleiðing: 1998 (raforka) og 2000 (gas)

3.0.2 Annar orkupakkinn (2003)

- Raforkutilskipun 2003/54/EC
- Gastilskipun 2003/55/EC
- Reglugerð 1228/2003 um aðgang að flutningskerfum yfir landamæri

Markmið, kröfur og innleiðing:

- Markmið: Frekari markaðsvæðing og valfrelsi neytenda
- Kröfur: Lagalegur aðskilnaður TSO

- Nýtt: Stofnun sjálfstæðs orkumarkaðseftirlits (NRA)¹
- Innleiðing: 2004 (sum ákvæði 2007)

3.0.3 Þriðji orkupakkinn (2009)

- Raforkutílskipun 2009/72/EC
- Gastílskipun 2009/73/EC
- Reglugerðir 713/2009, 714/2009 og 715/2009

Markmið, kröfur og innleiðing:

- Markmið: Dýpri samþætting og samkeppni á innri orkumarkaði
- Nýtt: Stofnun ACER og ENTSO-E/ENTSO-G
- Kröfur: Enn frekari aðskilnaður netreksturs
- Nýtt: Netkóðar fyrir raforku og gas
- Innleiðing: 2011 [2019 á Íslandi]²

3.0.4 Fjórði orkupakkinn – Clean Energy Package (2016–2019)

Átta gerðir sem mynda pakkann:

- Tilskipun (ESB) 2018/844 um orkunýtni bygginga (EPBD)
- Tilskipun (ESB) 2018/2001 um endurnýjanlega orku (RED II)
- Tilskipun (ESB) 2018/2002 um orkunýtingu (EED)
- Reglugerð (ESB) 2018/1999 um stjórnskipan orkusambandsins (Governance Regulation)
- Reglugerð (ESB) 2019/943 um raforkumarkað (Electricity Regulation)
- Tilskipun (ESB) 2019/944 um raforkumarkað (Electricity Directive)


¹National Regulatory Authorities.

²Heimild: Florence School of Regulation (FSR), *The Clean Energy for All Europeans Package*, sjá fsr.eui.eu

- Reglugerð (ESB) 2019/941 um áhættuvarnir í raforkukreppum (Risk Preparedness Regulation)
- Reglugerð (ESB) 2019/942 um ACER (ACER Regulation)

Markmið fjórða orkupakkans:

- Markmið: 32% endurnýjanleg orka og 32.5% orkunýting árið 2030
- Nýtt: Efling neytenda og réttur til að framleiða og selja eigið rafmagn (prosumer)
- Nýtt: Reglur um sveigjanleika, geymslu og stafræn raforkukerfi
- Nýtt: Svæðisbundnar samráðsmiðstöðvar (RCC) fyrir flutningskerfisstjóra
- Uppfærsla á hlutverki ACER og styrking landamærasamstarfs
- Ný raforkutilskipun og raforkureglugerð (2019/944 og 2019/943)
- Ný tilskipun um endurnýjanlega orku (RED II) og ný orkunýtingartilskipun (EED)³



Mynd 1. Myndin sýnir þróun orkupakkanna á tímabilinu 1990–2020.

³Heimild: Florence School of Regulation (FSR), *The Clean Energy for All Europeans Package*, sjá <https://fsr.eu/en/the-clean-energy-for-all-europeans-package/>

Kaflí 4

Hlutverk Evrópuþingsins

Við samþykkt allra lagapakka um orkumarkaði hefur Evrópuþingið ávallt stutt eindregið aðskilnað eignarhalds á flutningskerfum í raforku-, gas- og vetnisiðnaði sem árangursríkustu aðferð til að stuðla að fjárfestingu í innviðum á óhlutdrægan máta, tryggja sanngjarnan aðgang nýrra aðila að raforkuneti og auka gagnsæi á markaðnum.

Þingið hefur einnig lagt áherslu á mikilvægi sameiginlegrar evrópskrar sýnar á miðlungs langar fjárfestingar [2-10 ár]; aukið samstarf á milli eftirlitsstofnana, aðildarríkja ESB og flutningskerfisstjóra, og sterkt ferli til samræmingar á skilyrðum fyrir aðgang að raforkunetum.

Að frumkvæði þingsins var í orði kveðnu lögð sérstök áhersla á aukna vernd viðkvæmra neytenda, vegna orkuneyðar, vernd gegn aftengingum og „síðasta úrræði“ söluaðila.¹

Þingið hefur ávallt stutt eindregið auknar heimildir ACER (Agency for the Cooperation of Energy Regulators), og lagt áherslu á að stofnunin fái nauðsynleg völd til að leysa úr málum sem ekki er hægt að leysa með innlendum eftirlitsaðilum og sem hamla samþættingu og eðlilegri virkni innri markaðarins.

¹Það er víða einkennandi fyrir markaðsvæðingu á raforkumörkuðum að fyrst eru búin til alvarleg vandamál, og þau kynnt sem eðlileg afleiðing af markaðsvæðingunni. Síðan eru soðnar saman „lausnir“ handa almenningi sem eiga að koma til móts við vandamálin sem áður voru sköpuð. Þó má öllum ljóst vera að besta og helsta vörn almennings felst í því að markaðsvæða alls ekki grunnþjónustu s.s. rafmagn.

4.1 Ályktanir þingsins um orkumarkaði

- **11. apríl 2024:** Þingið samþykkti „umbætur“ á raforkumarkaði ESB sem miða að því að gera hann „hagkvæmari og neytendavænni“. Umbæturnar innleiða samninga sem ætlað er að tryggja orkuframleiðendum fast verð fyrir rafmagn, óháð sveiflum á markaðsverði [Contracts for Difference] til að örva orkufjárfestingar. Þeir fela í sér ákvæði um vernd viðkvæmra neytenda gegn aftengingum og veita ESB vald til að lýsa yfir raforkuverðakreppu, svæðisbundinni eða á Evrópusambandsvísu, við verulegar verðbreytingar.
- **5. október 2022:** Þingið samþykkti ályktun þar sem fagnað er í meginatriðum stofnun tímabundins neyðarþaks á markaðstekjur af raforkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum, kjarnorku og brúnkolum, og sett á tímabundið samstöðuframlag frá jarðefnaeldsneytisiðnaðinum. Þingið hvatti aðildarríki ESB til að tryggja aðgang að hagkvæmri og hreinni upphitun og raforku og lagði áherslu á að forðast brottvísanir af heimilum fólks í erfiðri stöðu sem ekki getur greitt reikninga og leigu.²
- **19. maí 2022:** Þingið hvatti framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur til að takast á við vandann vegna of hás raforkuverðs og meta áhrif gasverðs á virkni raforkumarkaðarins.
- **7. apríl 2022:** Þingið samþykkti ályktun sem krafðist tafarlausrar og fullrar bannsetningar á innflutningi rússneskrar olíu, kola, kjarnorkueldsneytis og gass, og áætlunar til að tryggja orkuöryggi ESB til skamms tíma.
- **1. mars 2022:** Þingið fordæmdi sem ólögmæta, tilefnislaus og óréttmæta, hernaðarárás Rússlands á Úkraínu og kallaði eftir takmörkunum á innflutningi rússneskrar olíu og gass.

4.2 Mótsögn markaðsvæðingar

- **Markaðsvæðing:** Átti að tryggja að framboð og eftirspurn ráði orkuverðinu og örva fjárfestingar.
- **Óstöðugleiki:** Raforkuverð sveiflast gríðarlega, sérstaklega eftir stríðið í Úkraínu og gasverðskreppuna.

²European Parliament, *Fact Sheets on the European Union – Energy Markets*, tiltækt á: https://www.europarl.europa.eu/ftu/pdf/en/FTU_2.1.9.pdf

- **Inngrip:** Til að vernda neytendur og örva fjárfestingar þurfti ESB að setja upp kerfi sem í raun afmarkar markaðinn (Contracts for Difference, verðþak og neyðarreglur).
- **Niðurstaða:** Markaðsvæðingin sem átti að leysa vandann kallar á sífellt meiri pólitísk og reglubundin inngrip.

4.3 Neytendavernd innan ESB

Hefðbundið viðhorf innan Evrópusambandsins hefur verið að markaðurinn skuli ráða verðmyndun, en að hið opinbera komi inn með *niðurgreiðslur* til viðkvæmra hópa til að milda áhrif hárrar verðlagningar. Þetta er í samræmi við markaðsvæðingarhugsunina: að ekki sé gripið beint inn í markaðinn, heldur að stuðningur sé veittur þeim sem standa höllum fæti.

Á síðustu árum hafa þó komið fram *verðþök* á raforku og gas, einkum í kjölfar stríðsins í Úkraínu og gasverðskreppunnar. Slík inngrip fela í sér bein afskipti af markaðnum og raska hefðbundinni mynd neytendaverndar innan ESB. Þetta má túlka sem vísí að stefnubreytingu: frá því að ríkið styðji neytendur með fjárhagslegum stuðningi yfir í að setja **skorður á markaðinn** sjálfan.

Kafli 5

Spennan á milli ECT og ESB

ECT tryggir formlegt fullveldi, en ESB þakkar krefjast samræmingar. Þetta skapar árekstra milli þjóðríkja sem vilja halda í fullveldi og ESB sem leitast við að miðstýra.

5.1 Dæmi um árekstra

- Íslensk og norsk stjórnvöld hafa rætt áhrif orkupakka á sjálfstæði í orkumálum.
- Pólland hefur gagnrýnt ECT fyrir að vernda fjárfestingar í jarðefnaeldsneyti sem stangist á við græna stefnu ESB.

5.2 Gerðardómsmál vegna ECT og ESB

Spánn: Á árunum 2010 - 2014 breytti spænska ríkið stuðningskerfi sínu við sól-arorku. Fjöldi fjárfesta höfðaði mál gegn Spáni undir ECT og krafðist skaðabóta vegna tapaðra tekna.¹

Þýskaland: Í Þýskalandi var ákveðið að loka kjarnorkuverum og draga úr kolanotkun. Fjárfestar í þessum iðnaði hafa notað ECT til að krefjast skaðabóta, sem stangast á við markmið ESB um orkuskipti.

Eftir Fukushima-slysið árið 2011 ákváðu Þjóðverjar að loka kjarnorkuverum sínum í þrepum með breytingu á lögum um kjarnorku [Atomic Energy Act]. Þetta leiddi til þess að sænska orkufyrirtækið **Vattenfall** höfðaði mál² gegn Þýskalandi

¹Arbitration Monitor (2023). *Spain's Renewable Energy Reckoning: A Case Study in Non-Compliance with Investment Treaty Awards*. Available at: <https://arbitrationmonitor.com/spains-renewable-energy-reckoning-a-case-study-in-non-compliance-with-investment-treaty-awards/>

²Sjá 26. gr. ECT.

samkvæmt orkusáttmálanum (ECT), þar sem það krafðist milljarða evra í skaðabætur vegna tapaðra fjárfestinga í kjarnorkuverunum Brunsbüttel og Krümmel. Málið var tekið fyrir hjá gerðardómi Alþjóðabankasamsteypunnar (ICSID) og lauk með sátt árið 2021.³

Ítalía: Ítalía sagði sig frá orkusáttmálanum (ECT) árið 2016. Samkvæmt svokölluðu sólarlagsákvæði sáttmálans, 3. mgr. 47. gr., gildir vernd vegna fyrirbyggjandi fjárfestinga í allt að 20 ár eftir úrsögn. Þetta leiddi til þess að fjárfestar í jarðefnaeldsneyti höfðuðu mál gegn Ítalíu, þar á meðal *Rockhopper Exploration Plc* sem tengdist banni við olíuleit nálægt strönd.⁴

Úrsögn ESB: Árið 2024 tilkynnti ESB formlega úrsögn úr ECT, þar sem samningurinn var talinn hamla loftslagsmarkmiðum og orkuskiptum. Skyldi úrsögnin taka gildi árið 2025.⁵

Orkufyrirtæki nýta sér kerfið, sem er ætlað til þess að setja niður deilur á milli ríkja og fjárfesta (ISDS) vegna fríverslunar- og fjárfestingarsamninga, í þeim tilgangi að krefjast hárra fjárhagslegra bóta frá ríkjum þegar ný opinber stefna hefur neikvæð áhrif á möguleika fjárfesta til hagnaðar.⁶

Orkusáttmálinn felur í sér innbyggða mótsögn: hann kveður á um fullveldi ríkja, en veitir fjárfestum rétt til að krefjast bóta sem takmarka það fullveldi. Á sama tíma er hann kynntur sem tæki til að tryggja gagnsæi og vernd neytenda. Þessi mótsögn endurspeglar einnig í stefnu Evrópuþingsins, sem teflir fram bæði neytendavernd og **markaðsvæðingu** – tveimur markmiðum sem í reynd stangast á og kalla á sífellt vaxandi pólitísk inngríp og afskipti.

³Energy Charter Treaty Secretariat (2021). *Vattenfall AB and others v. Germany*, ICSID Case No. ARB/12/12. Available at: <https://www.energychartertreaty.org/details/article/vattenfall-ab-and-others-v-germany-icsid-case-no-arb1212>

⁴ICSID (2017). *Rockhopper Exploration Plc and others v. Italy*, ICSID Case No. ARB/17/14. Available at: <https://icsid.worldbank.org/cases/case-database/case-detail?CaseNo=ARB/17/14>

⁵https://ec.europa.eu/commission/presscorner/api/files/document/print/en/ip_24_3513/IP_24_3513_EN.pdf

⁶Sjá nánar *ISDS and the electric power sector*, ISDS Bilaterals, <https://isds.bilaterals.org/?isds-electric-power>.

Kafli 6

Lýðræðishalli í tengslum við orkustefnu ESB og ACER


Lýðræðishalli í orkumálum tengdum orkustefnu Evrópusambandsins birtist fyrst og fremst í því að ákvarðanir færast frá innlendum, lýðræðislega kjörnum stofnunum til yfirþjóðlegra stofnana sem eru fjarlægari almenningi. Þegar reglur um orkumarkaði eru mótaðar á vettvangi ESB, og síðan innleiddar í aðildarríkjum og EES-ríkjum, verður hluti ákvarðanatökunnar til utan hefðbundins lýðræðislegs ramma hvers ríkis.

ACER, sem er samvinnu- og eftirlitsstofnun fyrir orkumarkaði Evrópu, hefur það hlutverk að samræma reglur, fylgjast með framkvæmd og tryggja að markaðir virki eins og til er ætlast. Þótt þetta sé tæknilega nauðsynlegt á sameiginlegum markaði, þá er stofnunin ekki pólitískt kjörin og hefur afar takmarkaða beina ábyrgð gagnvart almenningi í einstökum ríkjum.

Svona fjarlægð skapar oft þá tilfinningu að ákvarðanir séu teknar á grundvelli sérfræðilegra matsferla og markaðsreglna sem eru ekki mótaðar í gegnum hefðbundna lýðræðislega umræðu. Ferlar eru oft flóknir, tæknilegir og lítt aðgengilegir fyrir almenning, sem gerir það erfiðara að fylgjast með, hafa áhrif eða meta valkosti. Þannig verður lýðræðisleg þátttaka veik, ekki vegna áhugaleysis, heldur vegna þess að kerfið sjálft er ekki hannað með beina þátttöku almennings í huga.

Þegar þetta tvennt kemur saman — yfirþjóðleg ákvarðanatöku og tæknilegir, óaðgengilegir ferlar — vaknar sú tilfinning að lýðræðið víki fyrir stjórnsýslu sem starfar á eigin forsendum. Lýðræðishallinn í orkumálum birtist þannig í áhrifaleysi almennings gagnvart ákvörðunum ESB og ACER.

6.1 Flæðirit sem sýnir fjarlægð frá ákvarðanatöku



Mynd 2. Flæðirit ákvarðana í orkumálum frá ESB til neytenda.

Lýðræðishalli: Ákvarðanir færast frá innlendum, kjörnum stofnunum til yfirþjóðlegra stofnana sem eru fjarlægari almenningi.

Kafli 7

Nýleg þróun

Frá 2022 – 2025 hafa mörg ESB ríki ákveðið að segja sig frá ECT, þar sem menn telja að hann verndi of mikið fjárfestingar í jarðefnaeldsneyti og stangist á við græna stefnu ESB. Í fréttatilkynningu frá framkvæmdastjórn ESB, dags. 28. júní 2024, kemur fram að ESB hafi tekið lokaskref til þess að segja Sambandið frá sáttmálanum.¹

Þetta sýnir hvernig ESB leggur aukna áherslu á sameiginlega stefnu í loftslagsmálum, jafnvel þótt það takmarki fullveldi ríkja.

¹Framkvæmdastjórn ESB, fréttatilkynning: EU notifies exit from Energy Charter Treaty, 28 June 2024. Sækja: https://ec.europa.eu/commission/presscorner/api/files/document/print/en/ip_24_3513/IP_24_3513_EN.pdf

Kafli 8

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar

Í fréttatilkynningu frá **10. desember** síðastliðnum kemur fram að Evrópusambandið leggur til stórt átak til að uppfæra og stækka raforkukerfi Evrópu. Með *Evrópska raforkunetpakkanum - European Grids Package* og *Orkuhraðbrautunum - Energy Highways* á að gera orkuflæði skilvirkara milli aðildarríkja, samþætta ódýrari hreina orku og hraða rafvæðingu. Markmiðið er að lækka orkureikninga, styrkja sjálfstæði frá innflutningi á rússneskri orku og tryggja örugga afhendingu.

- **Raforkunetpakki - Grids Package:** Ný nálgun í innviðaaætlun sem byggir á evrópskum hagsmunum, hraðar leyfisveitingum og er ætlað að tryggja sanngjarna kostnaðarskiptingu í landamæraverkefnum.
- **Fjármögnun:** Nýjar leiðir eins og kostnaðarskipting og „bundling“ til að laða að einkafjárfestingar og dreifa byrðum af sanngirni.¹
- **Orkuhraðbrautir - Energy Highways:** Átta forgangsverkefni sem Ursula von der Leyen kynnti í ræðu sinni um ástand sambandsins 2025. Þau eru valin vegna stefnumótandi mikilvægis og fá sérstaka pólitíska samhæfingu til að hraða framkvæmd.
- **Næstu skref:** Tillögurnar fara til Evrópuþingsins og Ráðsins. Samhliða heldur framkvæmdastjórnin áfram að vinna með aðildarríkjum og hagsmunaaðilum að lykilverkefnum, m.a. endurnýjanlegum orkuframkvæmdum, geymslum og hleðslustöðvum.
- **Bakgrunnur:** ESB hefur ekki náð nægilegri samtengingu milli ríkja (15% markmið fyrir 2030 er í hættu). Árið 2022 stóð jarðefnaeldsneyti undir 70% orkunotkunar, 98% olíu og gass var innflutt.

¹Þar er átt við að sameina fjármögnun og verkefni yfir landamæri, þannig að kostnaður og áhætta dreifist á milli ríkja og einkaaðila.

- **Orkuverð:** Árið 2024 var iðnaðarraforkuverð í ESB €0,199/kWh, en aðeins €0,082 í Kína og €0,075 í Bandaríkjunum. Í ár, 2025, var meðalverð til neytenda frá €0,3835/kWh í Þýskalandi niður í €0,1040/kWh í Ungverjalandi.
- **Fjárhagsrammi:** Í nýrri fjárlagaáætlun 2028 - 2034 er lagt til að fjárhagsramminn vegna samtengingar Evrópu [CEF] hækki fimmfalt, úr **€5,84 milljörðum** í **€29,91 milljarða**. Evrópusambandið leggur til stórt átak til þess að uppfæra og stækka raforkukerfi Evrópu.²

8.1 Samtenging Evrópu (CEF)

Samtenging Evrópu [Connecting Europe Facility (CEF)] er „flaggskip“ í fjármögnunaráætlun ESB sem styður innviðaverkefni í samgöngum, stafrænum kerfum og orku.

8.1.1 CEF Energy

Hluti áætlunarinnar er **CEF Energy**, sem hefur sérstakt fjármagn (um €5.84 milljarða fyrir tímabilið 2021 - 2027 og lagt er til að hækki fimmfalt frá 2028, eins og komið er fram) til að:

- Tengja orkunet milli landa (Trans-European Networks for Energy, TEN-E).
- Auka öryggi í orkuafhendingu með því að byggja upp varanlegar tengingar og draga úr hættu á orkuskorti.
- Stuðla að orkuskiptum og draga úr kolefnislosun með því að fjármagna verkefni sem styðja endurnýjanlega orku og orkuskipti.
- Bæta samhæfni milli kerfa, þannig að rafmagn, gas eða jafnvel vetni geti flætt frjálst yfir landamæri.

8.1.2 Dæmi um verkefni sem CEF Energy styður

- Raforkutengingar á milli landa, t.d. sæstrengir sem tengja raforkukerfi Norðurlanda og Mið-Evrópu.

²European Commission, Press release: *Commission proposes upgrade of the EU's energy infrastructure to lower bills and boost independence*, Brussels, 10 December 2025. Sækja: https://ec.europa.eu/commission/presscorner/api/files/document/print/en/ip_25_2945/IP_25_2945_EN.pdf

- Gas- og vetnisleiðslur sem tryggja fjölbreyttara orkuframboð.
- Stórar endurnýjanlegar orkuframkvæmdir sem þurfa innviðatengingar til að koma orkunni á markað.

8.2 Tilvitnanir

Teresa Ribera: „Evrópski raforkunetpakinn³ er skuldbinding okkar um framtíð þar sem hver hluti Evrópu nýtur ávinnings orkubyltingarinnar: ódýrrar hreinnar orku, er óháðari innflutningi á jarðefnaeldsneyti, fær öruggari afhendingu og vernd gegn verðáföllum.“⁴

Dan Jørgensen: „Vel virkt samtengt og samþætt orkukerfi er grunnur að sterkri og sjálfstæðari Evrópu.“

³European Grids Package.

⁴Sjá einnig: Future-Proofing Europe's Grids: ENTSO-E's vision for the European Grids Package.
Sækja: <https://www.entsoe.eu/european-grids-package/>

Kafli 9

Niðurstaða

ECT og ESB orkupakkar endurspeglar tvenns konar nálgun:

- ECT: leggur áherslu á verndun fullveldis ríkja yfir auðlindum.
- ESB: samræmir reglur og minnkar sjálfstæði ríkja.

Þetta er kjarni umræðunnar um orku og fullveldi í Evrópu. Spennan milli þjóðríkja og yfirþjóðlegra stofnana mun halda áfram að móta framtíð orkumála.

Því miður verður að segjast eins og er að núverandi stjórnvöld féllu í sömu gryfjuna og stjórnvöldin þar á undan - að skipta snarlega um stefnu eftir kosningar og einbeita sér að glórulausri ESB-aðild, og þjónkun við erlent vald, sem aldrei mun skila einu né neinu fyrir íslenskan almenning, nema stórauðnum kostnaði, enda vandamálin sem við er að glíma ekki þess eðlis að þau leysist af sjálfu sér við það eitt að ganga í yfirþjóðlegt ríkjasamband.

Fyrir síðustu kosningar var þó lögð á það áhersla að aðild að ESB væri ekkert forgangsatriði. Annað hefur komið í ljós! Framsal í orkumálum Íslendinga er ein myndin á fullveldisafsali almennt. Sumir virðast enn trúa því að bæði sé hægt að eiga sömu kökuna og éta hana. Menn reyna að telja sjálfum sér trú um það að vald sem fært er burt úr landinu sé áfram í landinu. Það er mjög í anda Franz Kafka og hans ágætu bóka.

Til áréttingar er rétt að útskýra þetta aðeins. Ef maður selur öðrum manni bifreið, sem sá fyrrnefndi er eigandi að, er sá síðarnefndi þar með orðinn nýr, lögmaður, eigandi bifreiðarinnar [enda sé öllum skilyrðum fullnægt]. Það hafa með öðrum orðum orðið eigendaskipti. Það merkir ekki að allt sé óbreytt, þvert á móti hefur þarna orðið grundvallarbreyting á eignarhaldi.

Þegar Evrópugerð er innleidd á Íslandi, hvort heldur það er reglugerð eða tilskipun, þá fær sama Evrópugerð lagagildi í landinu. Það eitt og sér felur ævinlega í sér fullveldisafsal og takmörkun á innlendu löggjafarvaldi. Öðruvísi getur það

aldrei verið. Allt tal um deilingu og styrkingu fullveldis, með því að afsala sér fullveldinu í hendur annara, er í besta falli mótsögn og í versta falli mjög vont lýðskrum. Með bókun 35 á síðan að bíta hausinn af skömminni og festa í lög að Evrópuréttur skuli hafa forgang, fram yfir íslenskan rétt, verði árekstur þar á milli. Þá grípa sumir til útúrsnúninga og segja um að ræða „íslensk lög“ sem byggji á Evrópurétti. Ef málið væri þannig vaxið væri Alþingi þá líka frjálst að innleiða þau að vild og breyta að vild en þannig er það auðvitað alls ekki. Þjóðþingin hafa það engan veginn í sínu valdi að breyta Evrópugerðum. Það eitt og sér ætti að opna augu fólks fyrir því hvað þarna er raunverulega um að ræða - nefnilega **yfirþjóðlegt vald**.

Síðan koma afar hæpin rök þess efnis að íslenskir neytendur verði af svo miklum rétti frá ESB ef bókun 35 er ekki innleidd. Þar láta menn eins og „allt hið góða“ verði að koma frá ESB og geti aldrei komið frá Alþingi sjálfu. Eða telur sama fólk að nú þegar sé búið að framselja svo mikið löggjafarvald að Alþingi geti ekki lengur sett nein lög sem gagnast íslenskum neytendum? Það er þó ekki einfalt mál að koma því heim og saman, sökum þess að sama fólk og vill innleiða sem flestar Evrópugerðir fullyrðir á sama tíma að Alþingi hafi eftir sem áður óskert vald.

Ríki Evrópu eiga að ákveða það sjálf að hvaða marki þau kjósa að samræma eigin löggjöf að löggjöf ESB. Það er ekkert að því að nýta nothæfar fyrirmyndir, þegar það á við. En það er glórulaust að gera það eftir erlendu valdboði, að viðlögðum refsingum. Á því tvennu er stór munur.